

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

Backyard opnunarmynd
Backyard verður
opnunarmyndin í Bíó
Paradís 15. september.
fólk 26

Keppir í Feneyjum
Íslensk stuttmynd í fyrsta
sinn á kvikmyndahátíðinni
í Feneyjum.
fólk 26

Inn í ævintýraheim
Nýr íþróttaskóli Latabæjar
tekur til starfa um miðjan
mánuðinn.
tímamót 14

Meistarar fimm ár í röð
Valsstúlkur tryggðu sér
Íslandsmeistaratitilinn á
laugardaginn.
sport 20

veðrið í dag

STREKKINGUR SYÐST Í dag má
búast við austan strekkingi allra
syðst en 5-10 m/s annars staðar.
Búast má við rigningu eða skúrum
viða S- og V-til en NA-lands verður
bjart með köflum.
VEDUR 4

MEST SELDI
PRÓTEINDRYKKUR
Á ÍSLANDI

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

Segir Seðlabankann halda heimilunum í skuldafeni

Kjarasamningar á vinnumarkaði verða nær allir lausir í lok nóvember. Óformlegar viðræður eru hafnar. Forseti ASÍ fundar með aðildarfélögum um stefnuna. Hann segir Seðlabankann viðhalda kjaraskerðingu.

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn viðheldur kjaraskerðingu og bágri skuldastöðu fólks og fyrirtækja með því að heimila ekki styrkingu krónunnar. Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir fyrirætlanir bankans um gjaldeyriskaup jafngilda því að halda niðri gengi krónunnar. Hún þyrfti að fá að styrkjast um 20 prósent hið minnsta.

Gylfi fundar þessa dagana með aðildarfélögum ASÍ vegna komandi kjarasamningalotu. Hann segir ljóst að ábati útflutningsfyrirtækja vegna bágrar stöðu krónunnar þurfi að skila sér út í hagkerfið.

Merki séu um að fyrirtæki ætli sér að velta kostnaðarauka sínum yfir á almenning. Launafólk geti þá ekki brugðist öðruvísi við en með því að gera launakröfur á móti.

Gylfi segir dapurlegt hafa verið að hlusta á forystumenn úr ríkisstjórn róma að krónan væri svo veik að Ísland gæti keppt við láglaunalönd í framleiðslu. „Um það verður ekki nein sátt,“ segir hann.

Gylfi vonast til þess að ríkisstjórnin hafi með síðustu breytingum náð vopnum sínum um að halda meirihluta á Alþingi, sem hún hafi ekki haft síðan í júní í fyrra. Um

leið sakni hann þess að sjá ekki mál ASÍ í þeim 20 áherslupunktum ríkisstjórnarinnar sem kynntir voru fyrir helgi. Hann vonast þó til þess að ráðherraskipti í ráðuneyti félags- og tryggingamála geti lagt grunn að nánara samstarfi ráðuneytisins og ASÍ.

„Skilaboðin frá mínum félögum eru hins vegar alveg skýr. Ef ekki er hægt að treysta því að ríkisstjórnin standi við loforðin sín þá getum við ekki samið við hana. Menn ætla ekki að láta plata sig út í eitthvert forað og láta skilja sig þar eftir.“

Mánuði fyrir kosningar í fyrra

segir Gylfi hafa verið lagt upp með þá áætlun að stilla kjarasamninga af í nóvemberlok.

„Við horfðum þá til þess að ef hlutirnir gengju nokkurn veginn eftir sem menn ætluðu sér, að stefna kannski á þriggja ára kjarasamning núna, yrði lagður grunnur að raunverulegum stöðugleika og við myndum ná að taka upp evru árið 2013.

En það er engin launung á því að þessi vegferð hefur verið bröðótt og deilur sprottið upp út af vinnumarkaðsmálum. Við erum svolítið komin út af sporinu,“ segir Gylfi.

- óká / sjá síður 10-11



KAFABÍ HAFNARFJARÐARHÖFN Umfangsmikil leit að vopninu sem notað var til að bana Hannesi Þór Helgasyni og öðrum hlutum sem tengdust morðinu hefur staðið yfir alla helgina. Kafarar fundu fatnað í smábátahöfninni í Hafnarfirði eftir játningu Gunnars Rúnars. Ekki er fullsannað að fatnaðurinn tengist verknáðinum. Morðvopnið er enn ófundið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Morðið í Hafnarfirði er upplýst eftir þriggja vikna rannsóknarvinnu lögreglu:

Játning Gunnars mikið áfall

LÖGREGLUMÁL Gunnar Rúnar Sigurþórs-son hefur játað á sig morðið á Hannesi Þór Helgasyni, sem fannst myrtur á heimili sínu við Háaberg í Hafnarfirði 15. ágúst síðastliðinn.

Unnusta Hannesar er æskuvinkona Gunnars Rúnars og segir hún játninguna vera gríðarlegt áfall. Gunnar hafi keyrt hana heim til Hannesar um hádegi þennan dag þar sem hún gekk inn og fann hann liggjandi á gólfinu. Gunnar hafi boðist til þess að fylgja henni inn, en hún afþakkaði og fór ein síns liðs.

„Það sást ekki á Gunnari. Ég á ennþá svo erfitt með að trúa því að hann hafi vitað af honum liggjandi á gólfinu og samt hleypt mér inn. Hvers konar mannvonska er það?“

Afbrotafræðingur segir málið afar sérstakt miðað við önnur morðmál hér á landi, sökum umfangs rannsóknarinnar, þeim fjölda sem vann við hana og

„Ég á ennþá svo erfitt með að trúa því að hann hafi vitað af honum liggjandi á gólfinu og samt hleypt mér inn. Hvers konar mannvonska er það?“

UNNUSTA HANNESAR
ÞÓRS HELGASONAR

þann tíma sem tók að vinna úr gögn-um málsins. Nú hefur verið ákveðið að Gunnar Rúnar skuli sæta geðrannsókn og segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar lögreglunnar, þær niðurstöður skera um hvort hann sé sakhæfur eða ekki. Morðvopnið, hnífur með 15 til 20 sentimetra blaði, er enn ófundið, en kafarar leita hans enn í smábátahöfninni í Hafnarfirði.

Eyjólfur Jónsson, sálfræðingur og sérfræðingur í ungum afbrotamönnum og netfíkn, segir margt í málinu benda til þess að Gunnar hafi vitað að verknáðurinn sem hann hafi framið væri glæpur, meðal annars vegna þess að hann losaði sig við morðvopnið og neitaði sök í fyrstu. Hann telur ósennilegt að geðrannsókn muni leiða annað í ljós. Gunnar Rúnar er enn þá hafður í einangrun á Litla-Hrauni. - sv / sjá síðu 6

Rafmagnstruflanir skemma:

Tugir tilkynna tjón á tækjum

NEYTENDUR Tugir tilkynninga bárust um tjón á raftækjum til tryggingafélagsins VÍS í kjölfarið á rafmagnstruflunum sem urðu víða um land á miðvikudagskvöld.

„Það komu á bilinu 30 til 40 tilkynningar til okkar í vikunni,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, deildarstjóri eignatjóna hjá VÍS. Reikna má með að talsverður fjöldi tilkynninga hafi einnig borist öðrum tryggingafélögum. Tilkynnt var um tjón á tölvum og ýmsum öðrum raftækjum.

Þorsteinn segir að til að tjón af þessu tagi fáiast bætt þurfi fólk að vera með annaðhvort svokallaðar innbúskaskótryggingar eða bil-anatryggingar fyrir raftæki.

Einnig er mögulegt að Landsnet, sem á og rekur raforakudreifi-kerfið, sé bótaskylt vegna tjóna af þessu tagi. Þorsteinn segir þó þó nær eingöngu eiga við þegar tjónið verður vegna mistaka sem gerð eru hjá dreifingaraðila. - bj

Hollt og gott
veganesti

ms.is



Árni, ertu ekki ánægður með það að hjólað verður í þessar breytingar?

Jú, eldmóðurinn kemur hjólum hugmyndaflugsins í gang.

Árni Davíðsson, formaður Landssamtaka hjólréiðamanna, tekur fagnandi þeim fyrirætluðu breytingum á Suðurgötu sem munu gefa hjólréiðum aukði vægi í borginni.

Neyðarástand í Gvatemala: Fjölda saknað eftir aurskriður

GVATEMALA Að minnsta kosti 22 eru látnir og yfir hundrað manns saknað eftir að aurskriður féllu í Gvatemala-borg í Gvatemala á laugardag. Lýst hefur verið yfir neyðarástandi í landinu.

Tólf létust þegar fyrsta skrið-an féll á strætisvagn á leið frá höf-uðborginni til Mexíkó. Í kjölfarið lýsti Alvaro Colom, forseti lands-ins, yfir neyðarástandi og fyrir-skipaði lögreglumönnum að loka þjóðveginum til að forðast frekari slys. Engu að síður urðu fleiri bílar undir skriðum og þeir sem komu að til bjargar grófust enn fremur undir.

Miklar rigningar hafa verið í Gvatemala síðustu daga sem hafa komið skriðunum af stað.



SPRENGJA Tólf létu lífið í sjálfsvígsárás- unum.

Sjálfsvígsárás í Bagdad: Tólf létu lífið í sjálfsvígsárás

BAGDAD, AP Tólf létu lífið eftir sjálfsvígsárás á herbúðir íraska hersins í miðborg Bagdad í gær en hátt í 40 særðust. Aðeins eru þrjár vikur síðan sams konar árás var gerð á sama stað.

Vígamennirnir voru búnir sprengjubeltum og háðu að minnsta kosti tveir þeirra skot-bardaga við hermenn áður en þeir sprengdu sig í loft upp. Þetta er fyrsta meiri háttar árásin í borginni frá því að Bandaríkja-her tilkynnti að allar bandarískar bardagasveitir hefðu verið sendar úr landi.

Aðskilnaðarsamtökin ETA í Baskalandi sendu frá sér yfirlýsingu í gær:

Boða vopnahlé í myndbandi

SPÁNN Basknesku aðskilnaðarsam-tökin ETA á Spáni hafa lýst yfir vopnahléi. Ekki er ljóst hvort vopna-hléið er tímabundið eða varanlegt, en samtökin hafa tvisvar áður lýst yfir vopnahléi.

Breska ríkisútvarpið BBC komst yfir myndband frá samtökunum þar sem því er lýst yfir að þau muni ekki beita vopnavaldi í baráttu sinni fyrir sjálfstæði Baska-héraðs. Með þessu ætli samtökin að stuðla að lýðræðislegri lausn á málinu. Einn-ig eru allir Baskar hvattir til að halda áfram sjálfstæðisbaráttu með sínum hætti í myndbandinu.

Batasuna, pólitískur armur ETA, fagnaði yfirlýsingunni í gær og hvatti spænsku ríkisstjórnina og alþjóðasamfélagið til jákvæðra viðbragða. Batasuna hefur ásamt öðrum flokkum aðskilnaðarsinna hvatt ETA til að lýsa yfir vopna-hléi. Engin viðbrögð höfðu borist frá ríkisstjórninni í gærkvöldi.

ETA-samtökin voru stofnuð árið 1959 og hafa staðið fyrir blóðugri baráttu fyrir sjálfstæði Baska-lands, sjö héruðum á Norður-Spáni og í Suðvestur-Frakklandi. Yfir 820 manns hafa látið lífið í árásum þeirra síðan.



ÚR MYNDBANDINU Þrír meðlimir ETA komu fram með grímur í myndbandinu sem birtist í breska ríkisútvarpinu í gær. Lesin var upp yfirlýsing af blaði.



BÆNASTUND Salmann við bænastund í moskunn í Ármúla. Skipulagsyfirvöld í Reykjavík gefa von um að múslimar á Íslandi fái brátt úthlutað langþráðri lóð undir nýja mosku.

Bið múslíma eftir mosku brátt á enda

Skipulagsstjóri segir skammt að biða ákvörðunar um lóðaúthlutun fyrir mosku í Reykjavík. Salmann Tamimi vongóður um að langri baráttu sé loks að ljúka.

TRÚMÁL Tíu ára bið múslíma á Íslandi eftir lóð undir mosku í Reykjavík gæti senn verið á enda, en borgaryfirvöld eru vongóð um að geta fundið lóð á næstu vikum. Félag múslíma á Íslandi sendi í upphafi sumars fyrirspurn til borgaryfirvalda þar sem óskað var eftir viðræðum um málið. Þar var bent á svæði vestan Veður-stofu Íslands, á lóð Íslandsbanka við Kirkjusand og á lóð Sjómannas-kólans við Háteigsveg.

Ólöf Örvarsdóttir, skipulags-stjóri Reykjavíkur, segir í sam-tali við Fréttablaðið að tvær lóð-anna séu ekki á hendi borgarinnar og það flæki málin. „Við erum að skoða fleiri staði, sem henta varð-andi aðkomu og samhengi við aðra starfsemi og þjónustu, þannig að þetta er komið af stað.“

Ólöf gat aðspurð ekki svarað

því nákvæmlega hvaða svæði væri um að ræða. „Það eru nokkr svæði sem okkur þykja mjög spennandi. Við höfum verið að skoða svæði frá Elliðavoginum og inn í bæinn.“

Hún segir að þótt málið hafi verið svo lengi í kerfinu hafi ekki skort á pólitískan vilja til að finna lóð undir mosku. „Við fórum í það á sínum tíma að finna lóðir fyrir öll trúfélög og erum búin að finna lóð fyrir ásatrúarmenn í Öskjuhlíð og fyrir rétttrúnaðarkirkjuna við Nýlendugötu, en það er ekki mikið um lausar lóðir á vegum borgar-innar miðsvæðis.

Svo er oft búið að eyrnamerkja lóðirnar einhverjum öðrum eða gefa vilyrði fyrir annars konar starfsemi.“ Þetta hafi oft orðið til þess að hefja þurfti ferlið að nýju, en Ólöf er viss um að það takist

nú. „Ég reikna með að þetta gerist núna á næstu vikum.“

Salmann Tamimi, formaður Félags múslíma á Íslandi, fagnar þessum fregnum, og að um sé að ræða mannréttindamál. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni eru um 600 múslimar á Íslandi.

Hann sagði að það væri lykil-atríði að vera miðsvæðis í borg-inni til að auðvelda aðgengi. „Þetta verður fyrir alla, ekki bara mús-líma. Þetta verður fræðisetur þar sem allir geta komið og skoðað, lesið og lært og eytt fordómum sem til eru í samfélaginu.“

Ekki liggja enn fyrir teikning-ar, en Salmann segir að félagið sé að skoða málin í samstarfi við arkitekt. „Við viljum hafa þetta alíslenskt allt saman. Það er okkar stefna. Þetta er fyrir Íslendinga.“

Norðurlandamót barnaskóla:

Skáksveit Rima-skóla sigraði

SKÁK Skáksveit Rimaskóla sigraði á Norðurlandamóti barnaskóla-sveita sem fram fór í Ósló um helgina. Sveit Rimaskóla sigraði finnsku sveitina í lokaumferðinni og endaði með 15 vinninga, 1,5 vinningi meira en danska sveitin, sem lenti í öðru sæti.

Sveit Rimaskóla skipuðu þeir Dagur Ragnarsson, Oliver Aron Jóhannesson, Jón Trausti Harð-arson, Kristófer Jóel Jóhannes-son og Kristinn Andri Kristins-son. Liðsstjóri var Hjörvar Steinn Grétarsson.

Þjóðarpúls um borgarstjóra:

Yfir 40 prósent ánægð með Jón

STJÓRNMÁL Rúmlega fjórðutíu pró-sent Íslendinga eru ánægð með störf Jóns Gnarr sem borgar-stjóra Reykjavíkur, samkvæmt nýjum þjóðarpúl sí Gallup.

Greint var frá þessu í fréttum RÚV í gær. Ríflega 42 prósent segjast hvorki ánægð né óánægð með störf borgarstjóra og tæp-lega 17 prósent segjast óánægð.

Karlar eru frekar óánægðir en konur, og íbúar höfuðborg-arsvæðisins eru óánægðari en íbúar landsbyggðarinnar. Þá er yngra fólk ánægðara með störf Jóns en eldra fólk.

Tvær ferjur fórust í Kongó:

Hundruð farast í ferjuslysum

KONGÓ, AP Um 70 eru taldir hafa farist þegar ferja fórst þegar hún sigldi á sker í fljóti í Kongó í gær. Þetta er önnur ferjan sem ferst þar í landi um helgina, en á laugardag dóu í það minnsta 200 farþegar þegar eldur varð laus í annarri ferju.

Ferjuslys eru algeng á fljótum Kongó. Íbúar landsins neyðast oft til að ferðast með fljótabát-um þar sem vegakerfi lands-ins er lélegt og illa farið eftir langvinnar skærur í landinu. Ferjurnar eru gjarnan gaml-ar og lélegar, og taka yfirleitt langtum fleiri farþega en þær eiga að bera.

SAMGÖNGUMÁL

Framkvæmdir í Lækjargötu

Búast má við töfum á umferð um Lækjargötu í september þar sem unnið verður að gerð forgangsakreina fyrir strætisvagna. Prengingar verða á götunni og hámarkshraðinn lækkaður í 30 kílómetra á klukkustund.

BRIDS SKÓLINN

Byrjendur ... 27. september ... 8 mánudagar frá 20-23

Framhald ... 29. september ... 8 miðvikudagar frá 20-23

• Vetrarstarf Bridsskólans hefst með hefðbundnu námskeiði fyrir byrjendur og spílanámskeiði fyrir lengra komna. Framhaldið hentar breiðum hópi, bæði þeim sem hafa tölu-verða reynslu og eins þeim sem nýlega hafa lokið byrjenda-námskeiði. Sjá nánar á Netinu undir [bridge.is](#)/fræðsla.

• Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.

• Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, [Síðumúla 37](#) í Reykjavík.

• Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

Múslímskir fjárfestar hafa keypt Ýmishúsið fyrir um 250 milljónir íslenkra króna:

Opna miðstöð fyrir múslíma

TRÚMÁL Þrír múslímskir fjár-festar hafa keypt Ýmishúsið við Skógarhlíð sem þeir hyggjast nota undir menningarmiðstöð.

Markmiðið er að skapa aðstöðu fyrir múslíma til að iðka trú sína og kynna íslam fyrir Íslending-um. „Hugmyndin er ekki að þetta verði moska heldur menningar-miðstöð sem verður opin öllum,“ segir Hussein Aldaoudi, einn fjárfestanna.

Hinir fjárfestarnir tveir eru Sulaiman Abdullah Alshiddi frá Sádi-Arabíu og Sandra Maoi frá Noregi. Sjálfur er Aldaoudi frá Svíþjóð og búsettur þar.

Aldaoudi segir að upphaflega hafi hugmyndin verið að kaupa lóð undir starfseminu en í ljósi efna-hagsástandsins hafi verið fallið

frá þeirri hugmynd. Fjárfestarn-ir hafi haft augastað á Ýmishúsinu um tveggja ára skeið.

Aldaoudi segir um 1.500 mús-lima vera á Íslandi og þykir löngu tímabært að komið verði upp aðstöðu fyrir þá. „Þeir hafa verið að leigja húsnæði hér og þar en vantar varanlegan samastað,“ segir hann.

Aldaoudi telur ekki þörf á mosku hér á landi og segir múslíma á Íslandi hafa aðlag-ast samfélaginu vel. „Við getum beðið hvar sem er en menningar-miðstöðin verður þó án efa búin bænarsal ásamt öðru.“

Sem stendur er Ýmishúsið í útleigu og á Aldaoudi ekki von á því að það losni fyrr en að sex til sjö mánuðum liðnum. „Við gerum

svo ráð fyrir því að hefja starf-semi í nóvember á næsta ári.“ Hann segir kaupin ekki að fullu fjármögnuð og að jafnvel sé von-ast eftir stuðningi frá velgjörð-arfélögum innanlands sem utan. „Við tökum við styrkjum en þá án allra skilyrða enda einsetjum við okkur að halda okkur innan íslenskra laga.“

Aldaoudi segir að fjögurra manna stjórn á Íslandi muni ann-ast framkvæmdina næstu mán-uði. Talsmaður þeirra er Karim Askri, varaformaður Menningar-seturs múslíma. Hann segir kaup-verðið á bilinu 240 til 250 milljónir króna.

Menningarmiðstöðin tengist ekki Félagi múslíma á Íslandi.

ovi NOKIA



Maps

Styttu þér leið

– með fullkomnu leiðsögukerfi
í Nokia farsímanum þínum!



Með **Ovi Maps** finnur þú stystu og bestu leiðina bæði hér heima og erlendis. Þú finnur líka áhugaverða staði, söfn, veitingahús, sundlaugar o.fl. í nágrenni við þig – og svo getur þú deilt staðsetningu þinni með skilaboðum í farsíma eða á Facebook. Komdu í næstu verslun Nova og náðu þér í **Ovi Maps** í völdum Nokia farsímum.

Nokia 6730

24.000 kr.
simnotkun fylgir!

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Staðgreitt: 43.990 kr.
eða 0 kr. út og 3.990 kr. á mánuði
í 12 mánuði.



ovi NOKIA



Maps

oviMaps.is
NOKIA

Nokia 5230

12.000 kr.
simnotkun fylgir!

1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Staðgreitt: 33.990 kr.
eða 0 kr. út og 2.890 kr. á mánuði
í 12 mánuði.



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

GENGIÐ 03.09.2010		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	118,07	118,63
Sterlingspund	181,8	182,68
Evra	151,59	152,43
Dönsk króna	20,357	20,477
Norsk króna	19,229	19,343
Sænsk króna	16,29	16,386
Japanskt jen	1,397	1,4052
SDR	178,83	179,89
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
206,0635		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



LEIÐTOGI HAMAS Hamas-samtökin á Gasasvæðinu segja viðræðurnar ólög-mætar.

NORDICPHOTOS/AFP

Andstaða við viðræður: Herskáir á Gasa hóta árásum

ÍSRAEL, AP Þeir Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, voru ekki fyrir snúnir heim en háværar raddir andstöðinga friðarviðræðna mættu þeim.

Prettán samtök herskárra Palestínumannanna á Gasasvæðinu hótuðu árásum á Ísraela, beinlínis í því skyni að stöðva friðarviðræðurnar, sem hófust í Bandaríkjunum á fimmtudag eftir tveggja ára hlé.

Samstarfsmenn Netanjahú í ríkisstjórn hans ítrekuðu sömu-leiðis sumir hverjir eindregna andstöðu sína við að viðræður skyldu hafnar.

- gb

SLYS

Slasaðist á Sólheimajökli

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá Hvolsvelli, Vík og Hellu þurftu að bera erlendan ferðamann niður af Sólheimajökli í gær. Maðurinn hafði slasast á fæti og var ógangfær, en ekki illa meiddur.

Segir skoðanaágreiðing í fjölmiðlum innan ESB ekki fara eftir þjóðerni:

Umræða nái yfir landamærin

EVROPA Fyrirkomulag og ákvarðanatataka innan Evrópusambandsins er flókin málamiðlun 27 ríkja. Þau þurfa að ná samkomulagi um að hvers konar lýðræði nákvæmlega sé stefnt, áður en hægt er að minnka stofnanalegan lýðræðishalla sambandsins með kerfislægum umbótum. Þetta kom fram í máli Dr. Maximilians Conrad, lektors við Háskóla Íslands, í á vegum Alþjóðamálastofnunar skólans á föstudag. Conrad telur aðra leið að lausn vandans vera að auka umræðu sem nær milli landa.

„Rödd Evrópuborgara sem slík



DR. MAXIMILIAN CONRAD

sínu, Þýskalandi. Það hafi leitt í ljós að skoðanalegur ágreiningur um þessi mál fari ekki eftir þjóð-

heyrast ekki nema skoðana-myndun verði á Evrópugrundvelli, að hún nái yfir landamærin,“ segir hann.

Conrad hefur borið saman fjölmiðlaumræðu um Evrópumál í Svíþjóð og í heimalandi sínu, Þýskalandi. Það hafi leitt í ljós að skoðanalegur ágreiningur um þessi mál fari ekki eftir þjóð-

erni heldur mismunandi hugmyndafræði.

„Við þurfum að vita meira um hverjir eru skoðanabræður okkar í öðrum löndum, en ekki bara um hvað ríkisstjórnin okkar vill,“ segir Conrad.

Í umræðum að fyrirlestrinum loknum var Conrad meðal annars spurður út í möguleika Íslands til að hafa áhrif innan ESB og sagði hann smáriki vera í góðri stöðu til að koma málum á dagskrá. Þá gætu Norðurlöndin til dæmis myndað bandalag í atkvæðagreiðslum.

- kóp

Bílslys á Reykjanesbraut:

Líðan hinna slösuðu stöðug

SLYS Ungmenninn sem lentu í árekstri á Reykjanesbrautinni á laugardag og voru flutt á gjörgæslu eru í stöðugu ástandi og voru flutt á almenna deild í gær, að sögn svæfingalæknis á gjörgæsludeild Landspítalans.

Áreksturinn var mjög harður en tveir bílar sem komu úr gagnstæðri átt lentu saman. Allir farþegar voru fluttir á sjúkrahús.

Tveir voru fluttir á gjörgæsludeild og var annar í lífshættu. Allir hinna slösuðu voru í kringum tvítugt.

- bl

Sameinað átak gegn svartri vinnu hafið

Ríkisskattstjóri fagnar samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um upptöku vinnustaðaskírteina. Stórt skref til að uppræta skattsvik, að hans sögn. Á nýju ári mun verða gengið hart eftir því að atvinnurekendur fylgi nýjum reglum.

ATVINNUMÁL Átaki gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði var hleypt af stokkunum um miðjan mánuðinn. Undirbúningur stendur yfir en á nýju ári verður nýjum reglum fylgt ákveðið eftir.

„Fyrirtæki fá núna tækifæri til að kynna sér málið og ljúka undirbúningi. Þegar fram í sækir verður gengið eftir því með skipulögðum hætti að þessar skyldur séu uppfylltar. Smátt og smátt herðum við róðurinn og tugir starfsmanna munu koma að eftirliti,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ. „Útfærsla eftirlits liggur ekki fyrir en erlendis þekkist að gerðar séu rassíur. Það kemur til greina hér.“

Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins standa að samkomulaginu sem ætlað er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samkomulagið nær í fyrstu til starfsmanna og fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. Ástæðan er að í þessum greinum er mest um að farið sé á svig við lög og reglur. Til mikils er að vinna; tekjutap hins opinbera vegna skattsvika er metið á bilinu 40 til 60 milljarðar á ári.

Halldór segir málið eiga sér langan aðdraganda. Það hafi svo verið framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun sem hafi komið málinu á dagskrá. „Við fengum fyrirtæki inn í landið sem



HARPA Í SMÍÐUM Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, auk gisti- og veitingastaða eru þær greinar sem fyrst þurfa að taka upp vinnustaðaskírteini.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vísitandi ætlaði sér ekki að virða þær reglur sem hér gilda á vinnumarkaði. Á eftir fylgdu innlend og erlend fyrirtæki sem ætluðu að leika sama leikinn.“

Halldór segir að eftir erfiðu fæðingu hafi vinnustaðaskírteini verið lendingin. Allir, atvinnulífið, verkalýðshreyfingin, skattayfirvöld og þá ríkið, hafi séð hagsmunum sínum betur varið með samræmdu kerfi.

Skúli Eggert Þórðarson ríkis-

skattstjóri fagnar samkomulaginu og segir það stórt skref fram á við. „Þetta er til að sporna við því að menn séu með fólk á duldum launum. Þeir sem það gera sækja sér oft bætur á fólkskum forsendum. Þetta kerfi getur því tekið á margvíslegum vanda.“

Skúli segir ekkert í hendi um að svört atvinnustarfsemi hafi aukist með hruninu. „Það er hins vegar þrífaldur orðrómur um slíkt.“

svavar@frettabladid.is

Opinberar upplýsingar um skattsvik

Skattsvik hafa verið áætluð á bilinu 8,5-11,5 prósent af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga.

Þar af er:

Svört atvinnustarfsemi fimm til átta prósent.

Skattsvik vegna erlendra samskipta eitt til 1,5 prósent.

Árið 2008 er tap hins opinbera metið 44,8-60,7 milljarðar.

Árið 2009 er tap hins opinbera metið 39,3-53,2 milljarðar.

Fyrir féð mætti fjármagna rekstur Háskóla Íslands í þrjú ár eða reka alla almenna heilsugæslu í tvö ár. Í haust er það eitt stærsta verkefni ríkisins að loka fjárlagagati fyrir svipaða upphæð.

Ljósanótt í Reykjanesbæ:

Umferðin gekk vel á Ljósanótt

LÖGREGLUMÁL Ljósanótt í Reykjanesbæ gekk vel. Mikið var af fólki í bænum, en þó ívið færri en í fyrra.

Fimm gistu fangageymslur aðfaranótt sunnudags en sex nóttina áður, að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum. Þá voru tveir teknir fyrir ölvunarakstur. Annar þeirra var ökuréttindalaus en hinn sextán ára sem hafði tekið bifreið ófrjálsri hendi í Reykjavík fyrir um kvöldið.

Eitthvað var um pústra en hægt var að leysa úr þeim á staðnum.

Umferð úr bænum gekk vel. Hinir árlegu Ljósanæturútitónleikar héldu áfram eftir flugeldasýninguna og er það talin ástæða fyrir því að umferðin dreifðist. „Þetta fyrirkomulag var tekið upp í fyrra og gafst vel,“ segir varðstjóri.

- ve

IMOGAZE®

gegn uppþembu og lofti í maga

30 kapsla í blöndu

Imogaze 240mg

simeticon

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðastrengu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ögleði, hægðastrenga og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfshafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

ÁFRAM HLÝTT

Í dag og næstu daga verður áfram óvenjuhlýtt á landinu miðað við árstíma, yfirleitt um 15°C yfir hádaginn. Vindáttir eru SA- og A-lægar og vætan fellur einkum sunnan til á landinu en norðanlands verður bjart með köflum eða léttskýjað.

Á MORGUN 5-10 m/s en hvassara syðst.

MIÐVIKUDAGUR Strekkingur syðst, annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	31°
Basel	25°
Berlín	18°
Billund	18°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	24°
London	20°
Mallorca	31°
New York	27°
Orlando	33°
Ósló	20°
París	23°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

15-50%
AFSLÁTTUR

STANGVEIÐIVÖRUR

Í Ellingsen færðu allt fyrir síðustu veiðiferð sumarsins á sérstöku síðsumarstilboði.

50%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM
FATNADI

15-50%
AFSLÁTTUR AF
VÖDLUJÖKKUM

15-40%
AFSLÁTTUR
AF VÖDLUM

30%
AFSLÁTTUR
AF SPÚNUM

25%
AFSLÁTTUR
AF FLUGUM

40%
AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM LOOP
LÍNUM

15-25%
AFSLÁTTUR AF
VEIÐISTÖNGUM
OG HJÓLUM

50%
AFSLÁTTUR AF
TAUMUM OG GIRNI
FRÁ MAXIMA

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.-föstud. 10-18 • Laugard. 10-16

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
mánud.-föstud. 8-18 • Laugard. 10-16

 **Ellingsen**
– fullt hús ævintýra

40% AFSLÁTTUR!
AMELIA FIRM
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
NÚ 95.671 kr.

RISA

**SÍÐUSTU
DAGAR!**

UTSALA BEKKJUNNAR 30-70% AFSLÁTTUR!

HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
5.915 kr.



40% AFSLÁTTUR!
CORSICA PLUSH
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 249.636 kr.
NÚ 149.782 kr.
**= 99.854 kr.
AFSLÁTTUR!**

SÆNGURFÖT
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
4.130 kr.



**30%
AFSLÁTTUR**

ERGOMOTION
með þrýstjöfnunardýnum (2x80x203)
FRÁ 473.503 kr.

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótórar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjóll og liðamót eru úr hágæða nælóni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.

- Fánleg með öflugum nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímaröfa.
- 20 ára ábyrgð á mótór og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpsendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóðak og axlir.
- 4 gerðir af dýnum með mismunandi uppbyggingu. Þrýstjöfnunardýnur, Latextdýnur o.s.frv.
- 400 línan er með öflugum nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímaröfa.

rekkjan

Tækniþróunarsjóður

Kynningarfundur 8. febrúar

Tækniþróunarsjóður boðar til opins kynningarfundar á Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 8. febrúar kl. 8:30 - 10:00 í tengslum við umsóknarfrest 15. febrúar nk.

Davíð Lúðvíksson forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins stýrir fundinum. Starfsmenn Rannís kynna niðurstöðu umsókna fyrir vorið 2010 og fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins. Boðið verður upp á morgunmat fyrir gesti fundarins

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.



HNÓTSKÖÐUR grafsk & hómun

Simpansar læra hvernig þeir geta skemmt gildirur:

Snúa á veiðipjófana

DÝRALÍF Simpansar sem búa í regnskógum Gíneu í Vestur-Afríku hafa lært að skemma gildirur sem lagðar eru af veiðipjófum, og kenna hver öðrum að forðast og skemma gildirurnar. Frá þessu er sagt á vef BBC.

Aberandi færri simpansar veiðast í gildirur í Gíneu en í nágrannalöndunum. Vísindamenn hafa náð myndum af simpönsum þar sem þeir skemma snörur sem lagðar hafa verið fyrir þá.

Aparnir geta ekki lært á gildirurnar af reynslunni, þar sem þeir apar sem festast lifa það sjaldnast



LÆRA Yngri simpansar fylgjast með þeim eldri þegar þeir skemma gildirurnar, og skoða svo ummerkin þegar gildirurnar eru skaðlausar. NORDICPHOTOS/AFP

af. Þessi hegðun gefur því innsýn í hvernig þeir læra á umhverfi sitt.

- bj



SPRUNGA Sprunga sem er allt að 3,5 metrar á breidd myndaðist í jarðskjálftanum og urðu víða skemmdir á húsum og vegum vegna hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið sem opna þér nýjar leiðir

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing býður mikið úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám.

Um er að ræða eftirfarandi námskeið:

Bókhaldsnámskeið – hagnýtt námskeið fyrir þá sem stefna á frekara nám eða skrifstofustörf Excel fyrir byrjendur

Þátttakendur læra að setja upp tölur á vinnublaði og læra að beita einföldum reiknireglum. Kennar eru helstu vinnuaðferðir og að útbúa myndrit.

Enska fyrir byrjendur

Námskeiðið er fyrir þá sem hafa átt mjög erfitt með að læra ensku/önnur tungumál. Notast er við myndrænar og óhefðbundnar aðferðir sem nýst hafa vel á öðrum sviðum. Áhersla er lögð á að bæta orðaforða og að auka sjálfstraust nemenda.

Fjármál einstaklinga

Fjármál á mannamáli! Námskeiðinu er ætlað að veita þátttakendum yfirsýn yfir eigin fjármál og auka fjármálalæsi.

Minnistækni

Kennir er tækni til þess að efla og bæta minnið. Námskeiðið hentar þeim sem eiga við hversdagsgleymsku að stríða, hafa skert minni eftir veikindi eða áföll eða vilja bæta minni sitt af öðrum ástæðum.

Stærðfræði fyrir byrjendur

Námskeiðinu er ætlað að skapa áhuga á stærðfræði og jákvætt viðhorf. Kennsluaðferðir eru nýstárlegar þar sem nemendur læra að meðhöndla tölur með ápreiðanlegum hætti í skemmtilegum æfingum. Beitt er óhefðbundnum aðferðum í kennslunni.

Sjálfstyrking

Námskeiðinu er ætlað að efla getu nemenda til að tjá sig og vera til. Þetta verður gert á skemmtilegan og líflegan hátt og nemendur öðlast þjálfun í öruggri framkomu.

Tölvugrunnur

Kennir er tölvunotkun fyrir byrjendur og lengra komna. Farið er í Windows umhverfið, ritun og útlitsmótun texta, Internetið, tölvupóst, teikningu, skjalaumsjón og fleira.

Næstu námskeið eru að hefjast!

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510-9380 eða á www.hringsja.is



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

HRINGSJÁ • Hátúni 10d, Reykjavík • s: 552 9380/562 2840 • www.hringsja.is

512 54 01

Auglýsingasími



Allt sem þú þarft...

Yfir 500 hús eru ónýt eftir jarðskjálfta

Það þykir ganga kraftaverki næst að enginn hafi farist í öflugum jarðskjálfta sem gekk yfir Nýja-Sjáland á föstudag. Manntjón hefði getað verið gríðarlegt hefði skjálftinn ekki orðið rétt fyrir dögum.

NÝJA-SJÁLAND, AP Í það minnsta 500 hús í borginni Christchurch á Nýja-Sjálandi eru hrunin eftir jarðskjálfta sem reið yfir á föstudag og fjöldi húsa til viðbótar skemmdist. Mikil mildi þykir að enginn hafi látist og aðeins tveir slasast illa.

Skjálftinn, sem var um 7,1 að styrkleika, varð klukkan 4.35 að laugardagsmorgni þegar flestir íbúar voru í fastasvefni. „Ef skjálftinn hefði orðið fimm klukkustundum fyrr eða fimm klukkustundum seinna hefði manntjónið getað orðið gríðarlegt,“ sagði John Key, forsætisráðherra Nýja-Sjálands. Um 400 þúsund manns búa í Christchurch.

Rafmagni sló út í borginni og nærsveitum vegna skjálftans, og vatns- og gasleiðslur fóru í sundur. Rafmagn var komið á víðast hvar á sunnudag, en ekki hafði tekist að koma öðrum leiðslum í lag. Stórir vatnsdunkar og færanleg klósett voru flutt í hverfi þar sem enn var vatnslaut í gær.

Einhver tími mun líða þar til lífið kemst í samt lag í Christchurch. Skólar verða lokaðir næstu daga þar til gengið hefur verið úr skugga um að þeir séu íveruhæfir.

Nýja-Sjáland liggur á flekamótum Kyrrahafsflökans og Ástralíuflekans. Jarðskjálftar eru algengir þar sem flekarnir rekast saman.

Mark Quigley, jarðfræðiprófessor við Canterbury háskóla á Nýja-Sjálandi, segir að svo virðist sem ný brotalína hafi myndast í skjálftanum. Sprunga myndaðist og jörðin lyftist á sumum stöðum allt að tvo metra upp, segir Quigley.

„Þetta er löng brotalína sem hefur rústað húsum og klofið í



HRUNID Miðbær Christchurch er í rúst, en talið er að um 90 hús í miðbænum séu ónýt eftir skjálftanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sundur vegi,“ segir Quigley. „Við sáum tvö hús sem höfðu brotnað í tvennt í skjálftanum.“

„Jörðin mín lítur út eins og úfinn sjór núna,“ segir Roger Bates, bóndi sem á kúabú skammt frá upptökum skjálftans. Hann segir að jörðin hafi gengið í öldum, og hækkinin þar sem brotalínan gangi í gegn sé allt að 1,5 metrar.

Sérfræðingar telja að manntjón í skjálftanum hafi verið lítið vegna strangra reglna um húsbyggingar á Nýja-Sjálandi. Reglurnar voru hertar til muna fyrir tíu árum.

Jarðskjálftar eru algengir á Nýja-Sjálandi. Um 1.400 skjálftar verða á hverju ári, en aðeins 150 eru nægilega öflugir svo íbúar verði varir við þá. Síðasti öflugi jarðskjálftinn sem reið yfir eyjarnar varð í júlí 2009. Hann var 7,8 að styrkleika, svo öflugur að hann færði suðurodda landsins 30 sentimetrum nær Ástralíu.

brjann@frettabladid.is

Boot cAMP

KEMUR ÞÉR Á TOPPINN



BJÖRGUNARSVIT GARÐABÆJAR BYR SIG UNDIR ÖLL ÞAU
KREFJANDI VERKEFNI SEM BÍÐA ÞEIRRA MEÐ ÞVÍ AÐ ÆFA Í BOOT CAMP

Boot cAMP

Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070

Samningar tryggi stöðugleika og ný störf



VILHJÁLmur EGILSSON

„Þetta er nú bara rétt að byrja og menn hafa verið að tala saman óformlega,” segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), um stöðuna í kjaramálum. „Við höfum hitt bæði forystu Alþýðusambandsins og eins landssambandanna og fundað með einhverjum fulltrúum opinberra starfsmanna, en ekki öllum samt.”

Vilhjálmur segir að á óformlegum fundum hafi SA kynnt vilja sinn til að byggja kjarasamninga á stöðugleika og sköpun nýrra starfa. „Við höfum bara farið yfir málin fram og til baka og kannað sjónarmið. Þeim megin er þetta er rétt að fara af stað og kannski lengra komið okkar megin. En ég held þetta skýrist miklu meira þegar fer að líða á

mánuðinn.”

Á riður að allir fylgist að í gerð nýrra samninga, að mati Vilhjálms. „Við höfum lagt áherslu á að samið verði þannig að samræmdist stöðugleika til næstu ára og að það fylgdust allir að, væru með sama upphafspunkt og endapunkt þannig að upphafist ekki eitthvert höfrungahlaup þar sem sterkari félögin reyndu að skapa sér forskot á kostnað hinna veikari.” Spurningin er miklu fremur, að mati Vilhjálms, hvort raunhæft sé að félögin gangi ekki í takt í gerð samninganna. „Telja menn að nú sé tíminn til að hefja nýtt kapphlaup? Við teljum að svo sé ekki og viljum gjarnan að menn haldi hópinn.”

Markmið SA segir Vilhjálmur vera að út úr nýjum samningum komi efnahagslegur stöðugleiki og minna atvinnuleysi, að lífskjörum verði náð á ný og atvinnulífið komið í gang í alvöru. „Margt hefur gengið betur en reiknað var með. En algjörlega nauðsynlegt að nota það sem viðspyrnu til að komast áfram og fylgja þessu eftir.”

- óká

Allir lausir í vetur

Meira og minna allir kjarasamningar eru lausir í lok nóvember. Samningar hafa verið lausir hjá Bandalagi háskólamanna (BHM) frá því í fyrra og eins er ósamið hjá Kennarasambandi Íslands. Félög grunnskólakennara, leikskólakennara, tónlistarkennara og skólastjórnenda hafa öll verið í sáttaferli í samningum sínum við sveitarfélögin hjá Ríkissáttasemjara frá því í lok apríl á þessu ári.

Aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) eru 27 talsins og renna samningar flestra þeirra út í nóvemberlok, en nokkir sársamningar í lok árs.

Nánast öll aðildarfélög Alþýðusambands Íslands (ASÍ), 53 talsins, eru með lausa samninga í lok nóvember, sjómenn reyndar ekki fyrr en í lok desember. Innan ASÍ eru um það bil hundrað þúsund launamenn.

Viðsemjendur Launaneðndar sveitarfélaganna eru 67. Af þeim eru 26 með lausa samninga og samningar hinna renna út í nóvemberlok.

Vandinn er óstöðugleiki hagkerfisins



GYLFI ARNBJÖRNSSON

Fimmtánda þessa mánaðar lýkur fundaðerð Gylfa Arnbjörnssonar, forseta Alþýðusambands Íslands (ASÍ), og hefur hann þá hitt stjórnir allra 53 aðildarfélaga Alþýðusambandsins. Gylfi segir blendið hljóð í aðildarfélögunum.

„Við höfum farið yfir verkefni fyrir komandi ársfund varðandi skipulag ASÍ, en auðvitað hefur meginumræðan verið um kjaramál.”

Vandinn segir Gylfi að felist fyrst og fremst í óstöðugleika í hagkerfinu. „Og sá óstöðugleiki birtist í því að eins og áður hér á Íslandi var sveigjanleiki gjaldmiðilsins notaður til að hafa af okkur að minnsta kosti fimmtung tekna okkar og eigna. Krónan hefur fallið algjörlega niður í kjallara, sem veldur því að afkoma í útflutningsgeiranum er mjög góð. Og auðvitað finnst fólki það ekki eðlilegt að sú grein ein eigi að njóta einhvers góðæris í krepputímum og vill sjá það í sínu kaupí einhvern veginn. Það er það sem fjallað er um og mótað í okkar aðildarfélögum. En auðvitað verða menn líka að horfa til annarra hópa. Í öðrum greinum er auðvitað erfiðari afkoma. Það er vandinn, ójafnvægið eða óstöðugleikinn í hagkerfinu birtist í því að afkoma fyrirtækja er ýmist í ökkla eða eyra. Við erum auðvitað talsmenn stöðugleika, því að í stöðugleikanum felst grundvöllur okkar lífskjara. Og það var í óstöðugleika gjaldmiðilsins okkar að lífskjörin okkar hrundu.”

Gylfi kveðst hins vegar verða að spyrja sína félaga á hvaða grundvelli

eigi að gera næsta kjarasamning. „Get ég sagt við mína félaga að líklegt sé til árangurs að fara inn í þetta stöðugleikalíkan, að axla ábyrgð á þróuninni? Eruð við að koma út úr samningi sem ég get sagt að sé fyrirmynd að slíkri ábyrgðardreifingu?” segir Gylfi og bendir á að ríkisstjórnin hafi ekki talið sig sérstaklega bundna af því að efna loforð fyrri samninga. Þá segir hann að sér þyki nýafstaðnar hækkar ymissa fyrirtækja, svo sem Símans og Orkuveitunnar, ekki gefa til kynna að ætluin sé að fara sameiginlega í þá vegferð að ná krónunni til baka. „Krónuna þarf að styrkja um einhver 20 prósent. Ofurafkoma sjávarútvegs er vegna hruns gjaldmiðils en ekki vegna hagræðingar.” Gylfi segir ekki hægt að láta þar við sitja og aðrir þurfi bara að glíma við sín vandamál.

„Með því að styrkja krónuna um 20 prósent þá munu skuldir okkar lækka, skuldir fyrirtækjanna lækka og það verður meira jafnræði í afkomu þeirra,” segir Gylfi og bendir á að við slíka gengisstyrkingu myndu skuldir Orkuveitu Reykjavíkur lækka um 54 milljarða. „Ef hins vegar er ekki er hægt að fá alla til að axla ábyrgð á þessum ákvörðunum þá getur launafólk ekki gert það heldur. Þá verður launafólk bara að taka upp hlaupaskóna, því öðrum kosti situr það bara eftir.”

Gylfi segir nauðsynlegt að horfast í augu við að vilji menn hafa sveigjanleikan gjaldmiðil og róma hann, þá verði hann bara notaður til að taka af fólki kaupíð. Meðal annars vegna þessa hafi ASÍ stutt aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB). „Við settum fram efnislega mjög skýr skilyrði fyrir því að hægt væri að ganga í Evrópusambandið. En ef hægt er að mæta þeim skilyrðum, sem verður

bara gert í aðildarviðræðum, þá teljum við hagsmunum félagsmanna Alþýðusambandsins betur borgið innan Evrópusambandsins en utan. Alþýðusambandið er ekki með kröfu um að ganga í Evrópusambandið hvað sem það kostar, en þetta er partur af umræðu um kjarasamninga, vegna þess að ég held að menn geti ekkert blekkst sig í því að krónan verði stöðugri en áður.”

Gylfi bendir á orð seðlabankastjóra við síðustu stýrivaxtaákvörðun um að Seðlabankinn ætli sér að nota styrkingu krónunnar til þess að kaupa gjaldeyri. „Það þýðir í mæltu máli að seðlabankinn ætli sér að sjá til þess að þessi styrking upp á 20 prósent komi ekki fram. Láta á fólk bera áfram þessar háu skuldir og með lágu kaupmætti búa til gjaldeyriskjúr og nota til þess að borga þau lán sem meðal annars hvíla á atvinnulífnum.”

Gylfi áréttar hins vegar að engin samstaða verði um að út úr þessari kreppu komi bara eitthvert uppgrip í útflutningsgeiranum. Ábatinn komi til með að skila sér inn í hagkerfið með einum eða öðrum hætti. „Ef ekki í gegnum styrkingu krónunnar á markaði þá mun það gerast með hækkun raungengi í gegnum verðlag og kauplag. Og mér finnst að fyrirtækin sjálf séu byrjuð á þessu með því að velta hækkunum á launafólk, og þá getur launafólk ekki annað gert en sækja hækkar til að verja sig,” segir hann og kveður dapurlegt að hlusta á forystumenn úr ríkisstjórn róma að krónan sé svo veik að getum orðið keppt við lágláunarlönd í framleiðslu, að gleðiefni sé að Ísland sé lágláunaríki. „Það samræmist ekki stefnu Alþýðusambandsins eða launafólks um hvernig það vilji haga sínum málum. Um það verður ekki nein sátt.”

Miklu hraðara Internet

Nú býður Síminn viðskiptavinum sínum upp á enn meiri hraða en áður á Internetinu.

Hraðinn í Grunnáskrift, Leið 1 og Leið 2 fer upp í allt að 12 Mb/s.

Núverandi viðskiptavinir fá sjálfvirka uppfærslu á næstu mánuðum.

Fáðu þér Internet Símans í síma 800 7000 eða á siminn.is.

Það er Síminn



Folk hvatt til að fjarlægja allt sem ekki er naglfast

Þetta gerðist allt svo hratt

Þetta gerðist allt svo hratt

Þetta gerðist allt svo hratt



Guðbjartur Hannesson vill endurskilgreina hlutverk ríkisins.

Ákall um einkavæðingu?

Pótt breytt ríkisstjórn hafi á sér ákveðna svipmót vinstri stjórnar eftir að utanþingsráðherrarnir voru settir út úr henni, flytur hinn væntanlegi velferðarráðherra, Guðbjartur Hannesson, ekki hefðbundinn boðskap vinstri-manna um skattahækkanir til að standa undir velferðarþjónustunni. Í viðtali við Fréttablaðið um helgina lagði Guðbjartur þvert á móti áherzlu á að skera yrði niður í þjónustu ríkisins og í raun skilgreina hlutverk þess upp á nýtt.

Fyrir þetta geta skattgreiðendur sjálfsagt þakkað því að þegar félags-, trygginga- og heilbrigðismál hafa verið sameinuð í einu ráðuneyti fer Guðbjartur Hannesson með hartnær helming allra ríkisútgjaldanna, að frátöldum vaxtagjöldum sem næstu árin verða mikil byrði á ríkissjóði.

Guðbjartur Hannesson hefur verið formaður fjárlaganeftir og er sem slíkur vonandi raunsær á viðkvæm mál eins og þá staðreynd, að þegar á móti blæs

2007 Leikmaður ársins í Argentínu
2008 Leikmaður ársins í Argentínu
2009 Fékk FIFA Club World Cup Golden Ball

UPPÁHALDS VÖRUR:

Formúla 1 sjeik og próteinbar.



**Skynsamleg
næring**

101

REYKJAVÍK

FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Hrefnugata 1 – 105 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 17:30- 20:00.

OPIÐ HÚS

Mjög falleg og björt 73,3 fm 3 herb íbúð í kjallara á frábærum stað. Eignin skiptist í : Forstofu með skápum, flísar, fallegt eldhús með borðkrók, flísar á gólfi. Rúmgóð stofa og borðstofa með parketi, (lítið mál að breyta borðstofu í herbergi). Gott herbergi með parketi á gólfi. Baðherbergi með baðkari með sturtuáðstöðu, flísar hólf í gólf. Sér geymsla, sam. þv.hús, dren, skólp, raflagnir og tafla endurnýjað.

Eignin er laus til afhendingar strax. Gunnar tekur vel á móti ykkur í dag milli kl : 17:30 – 20:00.

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Klettháls 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

Búmenn auglýsa íbúðir

Búseturéttur á markaðsverði

Hólmvað 8B, Norðlingaholti í Reykjavík

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 95 fm að stærð. Íbúðin er á annari hæð í þrígga hæða fjölbýlishúsi með tveimur lyftum. Stæði fylgir íbúðinni í bílakjallara. Ásett verð búseturéttar er 5.5 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 126.000.-. Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

Réttarheiði 40 í Hveragerði

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð í parhúsi sem er um 90 fm að stærð. Að auki fylgir íbúðinni um 15 fm garðskáli. Ásett verð er 4 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 99.000.-. Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðirnar og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmannna í síðasta lagi 13. september n.k. Tilboðsfrestur er til 17. september n.k.

Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.

Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.

Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að letthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is

BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR

Suðurtún 27 í Sveitarfélaginu Álfanesi

Til sölu er búseturéttur í íbúð í raðhúsi sem er um 120 fm að stærð. Að auki fylgir íbúðinni um 25 fm bílskúr. Um er að ræða endaraðhús. Verð búseturéttarins er um kr. 9.5 millj. og mánaðargjöldin um kr. 113.000.-. Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

Prestastígur 9 í Reykjavík

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð sem er um 108 fm. Íbúðin er á fimmtu hæð í fimm hæða fjölbýlishúsi og fylgir stæði í bílakjallara undir húsinu. Verð búseturéttarins er um kr. 3.9 millj. og mánaðargjöldin um kr. 130.000.-. Einnig fylgir aðgangur að samkomuhúsi sem fylgir íbúðunum. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

Umsóknarfrestur er til 13. september n.k.

Hægt er að fá nánari upplýsingum á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar og aðrar íbúðir í sölumæðferð á heimasíðu Búmannna.

Þeir ungu vita ekki neitt

Andinn í íslenska landsliðinu virðist vera með besta móti. Þeir eru komnir til Danmerkur þar sem það mætir heimamönnum á morgun. Sölvi Geir Ottesen fyrirliði segir að andinn sé enn betri en áður.

FÓTBOLTI Það virtist vera létt yfir íslenska hópnum fyrir leikinn gegn Noregi. Þeir grínudust mikið á æfingum og ekkert hefur breyst eftir tapið á Laugardalsvelli hvað andann varðar.

„Tapið gegn Noregi var gríðarlega svekkjandi. Það þýðir þó ekkert að dvelja við þetta, við erum búnir að koma okkur yfir tapið. Núna er undirbúningur fyrir leikinn gegn Dönum hafinn og við horfum einbeittir á hann,“ segir Sölvi Geir Ottesen sem bar fyrirliðabandið í Noregsleiknum.

Hann var að horfa á enn eina rómantísku gamanmyndina með Ragnari Sigurðssyni þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Ragnar er sérstakur maður. Á góðan hátt,“ segir Sölvi um vin sinn og herbergisfélag þegar grenjandi öskur heyrðust í Ragnari.

Sölvi segir að allt gangi sinn vanagang hjá liðinu, aðstæður væru góðar og allir væru heilir. „Þetta er svipuð rútína, við æfum, fundum og étum vel. Það er mikilvægt að hafa orku fyrir þetta allt. Svo hvílum við okkur inn á milli.“

GLEÐI Marki Heiðars Helgusonar á föstudaginn fagnað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir að létt sé yfir mönnum. „Það er gríðarlega mikilvægt að andinn í hópnum sé góður. Við förum yfir það á fundum þegar við hittumst að við þyrftum að þjappa okkur saman og gera þetta sem ein liðsheild. Það gefur okkur betri möguleika á að ná árangri,“ segir hann.

Íslenska landsliðið hefur verið sakað um áhuga- og stemningsleysi en Sölvi þvertækur fyrir það. „Í þann tíma sem ég hef verið með landsliðinu hef ég aldrei tekið eftir því að andinn sé ekki góður. Hann var góður áður en er frábær núna,“ segir hann.

Stadion sem er skammt frá hóteli þess. Það æfir á Parken í dag þar sem leikurinn fer fram auk þess sem það hefur fundað um leik sinn og danska liðsins inn á milli.

Í kvöld fer svo fram spurningakeppni sem Gunnleifur Gunnleifsson markmaður stýrir. „Það er komin ný leikmannanefnd sem ætlar að sanna sig. Gulli má ekki vera með í spurningakeppninni þar sem hann veit allt, hann er góður sem spyrrill. Það eru yfirleitt þessir eldri sem vinna. Ég býst ekki við því að ungu strákarnir viti neitt voðalega mikið,“ segir Sölvi kíminn.

FC København og þekkir því nokkuð til danska liðsins, sem og Parken þar sem liðið spilar heimaleiki sína. „Ég hlakka til að spila á Parken með landsliðinu, ég hef ekki gert það áður en ég ætti að þekkja gras- ið ágætlega. Eg fæ þó ekki að vera á mínum stað í mínum klefa þar sem við verðum í gestaklefanum. En hann er fínn líka,“ segir fyrirliðinn.

„Danska liðið er mjög sterkt, það er betur mannað en norska liðið. Þeir hafa sýnt okkur það í gegnum árin hvað þeir eru góðir. Ég þekki nokkra leikmenn en margir eru auðvitað að spila erlendis. En við sýndum það á móti Noregi að við erum með sterkan hóp líka. Við þurfum bara að laða fram það besta í okkur,“ segir Sölvi.

Simon Kjær:

Ber mikla virðingu fyrir Sölva

Simon Kjær, miðvörður Dana og leikmaður Wolfsburg í Þýskalandi, segir að Sölvi sé frábær leikmaður sem Danir þurfi að varast.

„Þetta verður mjög spennandi leikur. Þeir eru með nýtt landslið og marga unga og efnilega leikmenn. Þeir eru líka með Sölva Ottesen sem við þekkjum úr dönsku úrvalsdeildinni. Hann skoraði eitt mark fyrir liðið í síðasta leik, mikilvægt mark í Meistaradeildinni, og hann er virkilega virkilega góður leikmaður. Ég ber mikla virðingu fyrir honum,“ segir Kjær.

- hþ

Hann segir yngri strákana sem hafa komið inn í landsliðið hafa fallið vel að hópnum. „Það er mjög gaman að fá þá inn. Það verður spennandi að sjá hvort þeir haldi dampi,“ segir Sölvi eins og sönn- um fyrirliða sæmir og heldur guttunum á jörðinni.

Hann segir að liðið vilji halda markmiðum sínum innan liðsins, en að eitt stig sé góður árangur á Parken. „Þetta verður gríðarlega erfiður leikur. Auðvitað viljum við koma heim með stig af Parken, við erum ekkert sáttir með tap. Þrjú stig væri alveg magnað en eitt stig væri fínt,“ segir fyrirliðinn Sölvi Geir Ottesen.

Snorri Steinn Guðjónsson átti frábæran leik fyrir stórlíðið AG København: Stemning eins og í Þýskalandi

HANDBOLTI Danska ofurfélagið AG København, með þá Snorra Stein Guðjónsson og fyrirliðann Arnór Atlason innanborðs, fór vel af stað í dönsku úrvalsdeildinni um helgina. Það lagði ríkjandi meistara í AaB 29-25 þar sem Arnór skoraði eitt mark en Snorri var á meðal bestu manna vallarins. Hann skoraði sjö mörk.

Félaginu hefur verið líkt við Galactico-stefnu Real Madrid, að kaupa alla þá bestu sama hvað þeir kosta. Pressan á liðinu er mikil en á meðal þeirra sem liðið fékk í sumar voru Kasper Hvidt, Joachim Boldsen og Mikkel Hansen.

Um 6.200 áhorfendur mættu á leikinn og Snorri segir að stemningin hafi verið eins og í þýsku úrvalsdeildinni. „Það var klikkuð stemning í höllinni. Það sem Jesper Nielsen er að gera með félagið er einsdæmi og hann er að ná umgjörðinni í nýjar hæðir. Stemningin var bara eins og í þýsku úrvalsdeildinni,“ segir Snorri

en liðið vekur gríðarlega athygli í Kaupmannahöfn og víðar.

„Við erum gríðarlega mikið í fjölmiðlum. Við Arnór sleppum reyndar mikið við það, fjölmiðlarnir vilja tala við dönsku stjórnurnar frekar. En við þurfum að vera í fjölmiðlunum, það fylgir þessu og félagið vill fá alla athygli sem það getur. Þetta er markviss vinna hjá klúbbum að sækja í blöðin.“

Pressan á liðinu er líka mikil, með allar stórstjórnurnar og peningana sem hafa farið í félagið. „Ég vissi af henni þegar ég kom. Það er eðlilegt miðað við hvernig liðið er á pappírnum og markmiðin sem félagið gefur út. Það var mikilvægt að byrja mótið vel og það gekk upp. Við erum með gríðarlega sterkt lið og það var gott að vinna einn af okkar helstu keppinautum um titilinn.“

Snorri er búinn að koma sér vel fyrir í Kaupmannahöfn. „Okkur líður mjög vel hérna. Við búum rétt hjá Arnóri og ég er bara rosalega ánægður. Kaupmannahöfn er frábær borg og mér líður bara hrikalega vel,“ segir landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson.

- hþh

SJÓNVARPSTILBOÐ



THOMSON

Thomson 40FR5234

40" LCD SJÓNVARP með 1920x1080p HD upplausn, Progressive Scan, 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, HD Ready, 8ms svartíma, stafrænum DVB-T MPEG-4 móttakara, 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA, USB tengi ofl.

TILBOÐ 149.990

FULLT VERÐ kr. 189.990



Thomson 19HS3142

19" LCD HD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 skerpu, HD Ready, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, HDMI, Scart tengi ofl.

TILBOÐ 49.990

FULLT VERÐ kr. 59.990



Thomson 22HR5234

22" LCD HD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 skerpu, HD Ready, 8ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 3 x HDMI, Scart, CVBS, VGA tengi ofl.

TILBOÐ 59.990

FULLT VERÐ kr. 74.990




Thomson 22HR5434

22" LCD HD SJÓNVARP með DVD SPILARA, 1366x768p upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 skerpu, HD Ready, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T MPEG-4 móttakara, 3 x HDMI, Scart, CVBS, VGA tengi ofl.

TILBOÐ 69.990

FULLT VERÐ kr. 79.990



Thomson 26HR3022

26" LCD SJÓNVARP með 1366x768p HD upplausn, Progressive Scan, 25.000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, Scart, VGA tengi ofl.

TILBOÐ 89.990

FULLT VERÐ kr. 94.990



Thomson 32HR3234

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p HD upplausn, Progressive Scan, 25.000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

TILBOÐ 99.990

FULLT VERÐ kr. 109.990




Thomson 46FE9234B

46" LCD HD SJÓNVARP með 1920x1080p HD upplausn, Progressive Scan, 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, HD Ready, 8ms svartíma, stafrænum DVB-T MPEG-4 móttakara, PIP og PAT (mynd í mynd / texti) 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA, USB tengi ofl.

TILBOÐ 199.990

FULLT VERÐ kr. 229.990



Thomson 46FS6646

46" LED EDGE HD SJÓNVARP með 1920x1080p HD upplausn, 100Hz, Progressive Scan, 3.000.000:1 skerpu, Progressive Scan, HD Ready, 6ms svartíma, stafrænum DVB-T MPEG-4 móttakara, PIP og PAT (mynd í mynd / texti) 5 x HDMI, VGA, Multimedia USB, CI+ tengi ofl.

TILBOÐ 249.990

FULLT VERÐ kr. 329.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

> Noah Wyle

„Ég er gaurinn sem vildi aldrei vera í fastri vinnu vegna þess að ég var stöðugt með áhyggjur af einhæfninni“.

Noah Wyle sló í gegn í dramabáttunum E.R. sem fjalla um líf starfsfólks á bráðamóttöku í Chicago. E.R. er á dagskrá Stöð 2 extra kl. 20.10 í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST MEÐ AMERÍSKA DRAUMNUM OG POPPPUNKTI

Auddi, Gilz og grínistarnir hafa vinninginn

Raunveruleikabátturinn Ameríski draumurinn hefur farið ágætlega af stað á Stöð 2. Auddi og Egill Gilznegger etja þar kappi við Villa og Sveppa í hinum ýmsu þrautum og það verður að segjast eins og er að þeir fyrrnefndu hafa verið öllu skemmtilegri til þessa. Þeir skelltu sér í teygjustökk, fækkuðu fötum á strippbúllu, kysstu homma og tóku dautt dýr eða vegabráð, upp í bilinn hjá sér með öllum viðbjóðnum sem fylgdi því. Villi og Sveppi hafa átt sína spretti en ollu vonbrigðum í fyrsta þættinum þegar glíma Villa við krókóðilinn var ekki sýnd. Búið var að byggja upp heilmikla spennu en þegar loksins var



komíð að glímunni var hún aldrei sýnd. Vonandi eiga þeir félagar eftir að láta ljós sitt skína í næstu þáttum.

Í Sjónvarpinu hefur Popppunktur haldið finum dampi í allt sumar. Núna eru aðeins tveir þættir eftir. Fyrst verður sýndur óhefðbundinn þáttur þar sem grínistar etja kappi, eða liðsmenn Mið-Íslands og Fóstbræðra með borgarstjórnann sjálfan í fararbroddi. Það hlýtur bara að vera algjörlega skothelt sjónvarpsefni. Úrslitabátturinn á milli Lights on the Highway og Skriðjökla verður vafalítið finni á að horfa en grínistarnir munu tvímælalaust hafa vinninginn hvað skemmtanagildið varðar.

MÁNUDAGUR



► 19.35 The Doctors STÖÐ 2 EXTRA



► 19.45 How I Met Your Mother STÖÐ 2



► 19.55 Síðustu forvöð SJÓNVARPIÐ



► 21.00 Friday Night Lights SKJÁREINN



► 20. Made of Honor STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 16.50 Uppfinningamaðurinn Eggert Briem
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Út í bláinn
- 18.00 Sammi (23:52)
- 18.07 Franklín (4:13)
- 18.30 Skúli skelfir (10:52)
- 18.40 Friðrik og flughræðslan (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Síðustu forvöð – Fingralöng á Madagaskar (3:6) (Last Chance to See) Leikarinn góðkunnir Stephen Fry ferðast um víða veröld og skoðar dýrategundir í útnýrtingarhættu.
- 21.00 Óvættir í mannslíki (2:6) (Being Human) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur; varúlf, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. Um-sjónarmaður er Hjörtur Hjartarson.
- 23.05 Leitandinn (9:22) (Legend of the Seeker) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.50 Framtíðarleiftur (18:22) (Flash Forward) (e)
- 00.35 Kastljós (e)
- 00.55 Fréttir (e)
- 01.05 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Thank You for Smoking
- 10.00 California Dreaming
- 12.00 The Last Mimzy
- 14.00 Thank You for Smoking
- 16.00 California Dreaming
- 18.00 The Last Mimzy
- 20.00 Made of Honor
- 22.00 Doubt
- 00.00 The Kite Runner
- 02.05 Running Scared
- 04.05 Doubt
- 06.00 The Big White

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Eldsnögg með Jóa Fel (1:10)
- 10.50 Cold Case (15:22)
- 11.45 Falcon Crest II (13:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (8:24)
- 13.25 License to Wed
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Saddle Club
- 16.18 Barnatími Stöðvar 2 Apaskólinn, Könnuðurinn Dóra
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (18:22)
- 18.23 Veður Markaðurinn.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (18:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (16:22)
- 20.10 So You Think You Can Dance (22:23)
- 21.35 So You Think You Can Dance (23:23)
- 23.00 Torchwood (10:13) Ævintýrlegur spennubáttur í anda Men in Black og X-Files.
- 23.50 Cougar Town (12:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.
- 00.15 Gavin and Stacy (7:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.
- 00.45 White Collar Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
- 01.30 Bandidas Hressandi gamanmynd með Sölmú Hayek og Penélope Cruz í aðalhlutverkum.
- 03.00 Lonesome Hill Gráglettin gamanmynd í anda Garden State með Casey Affleck í aðalhlutverki.
- 04.30 License to Wed
- 06.00 The Simpsons (18:22)

SPORT besta sætið

- 15.30 Deutsche Bank Championship Sýnt frá Deutsche Bank Championship mótinu í golfi.
- 18.30 Meistaradeild Evrópu Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir skoðaðir í þæla.
- 19.00 Deutsche Bank Championship Bein útsending frá lokadegi Deutsche Bank Championship-mótsins í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi en til leiks eru mættir flestir af bestu kylfingum heims.
- 22.00 Players Championship Sýnt frá Players Championship mótinu í póker en þangað mættu flestir af bestu pókerspilurum heims.
- 22.55 UFC 118 Útsending frá UFC 118 en að þessu sinni kepptu nokkrir af bestu bardagamönnum heims.

SPORT 2 enski boltinn

- 17.45 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.45 Football Legends - Di Stefano Að þessu sinni verður fjallað um Alfredo Di Stefano.
- 19.15 Tottenham - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikimír og öll helstu tilþrífir grandskoðuð.
- 22.30 Chelsea - Stoke / HD Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dynasty (27.30) (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 Dynasty (28.30) Ein frægasta sjónvarpsseria allra tíma.
- 17.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.15 Top Chef (14.17) (e)
- 19.00 Real Housewives of Orange County (9.15)
- 19.45 King of Queens (9.25) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (6.13) Kjaft-fori kokkurinn Gordon Ramsay heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. Að þessu sinni heimsækir hann ítalskan veitingastað á Manhattan Beach í Kaliforníu.
- 21.00 Friday Night Lights (1.13) Dramatísk þáttaröð um ungmennti í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótbolta-lið skólans. Núna hefur Tami tekið við sem skólastýra en kemst fljótt að því að það er nóg fjármagn til handa liðinu á meðan hún þarf að sætta sig við niðurskurð í skóla-starfinu.
- 21.50 CSI: New York (5.23) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagahans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Hip-hop dansari er myrtur á hótellherbergi sínu skömmu eftir sigur í danskeppni.
- 22.40 Jay Leno
- 23.25 The Cleaner (12.13) (e)
- 00.10 In Plain Sight (11.15) (e)
- 00.55 Leverage (7.15) (e)
- 01.40 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Eldhús meistaranna Maggi heim-sækir Soho veisluþjónustu.
- 20.30 Golf fyrir alla 10. og 11. braut með Fjölu, móður Bjarka klúbbsmeistara, og Júlíönu.
- 21.00 Frumkvöðlar Vínun er einstakt umönnunarfyrirtæki.
- 21.30 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur og eldhúsmeistarar í öndvegi.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Mastercraft jeppadekk – nú á lægra verði

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa og veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í vetur með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á yfir 100 ára reynslu.



Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING

BARÐINN

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

So You Think You Can Dance

Úrslitastundin er runnin upp í stærstu danskeppni heims. Í kvöld leggja þrír keppendur, Robert, Kent og Lauren, allt undir til þess að heilla áhorfendur í síðasta sinn. Fjöldi tónlistamanna og dansara kemur fram. Hver mun standa uppi sem sigurvegari?



ÞVIÐ MÆLUM MEÐ

Torchwood
Stöð 2 kl. 23.00

Ævintýrlegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa. Liðsmenn sveitarinnar eru gæddir sérstökum hæfileikum sem nýtast þeim vel í baráttu við ill öfl sem vilja vinna mannkyninu mein.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Vött og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1

12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útvarpssagan: Húsið
15.25 Fólki og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.20 Auglýsingar
18.21 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Húslestrar á Listahátíð 2010
22.05 Veðurfregnir
22.10 Orð kvöldsins
22.20 Gimri, grúsk og glóriur
23.10 Lostafulli listræninginn
23.45 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
00.05 Næzturtónar

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

► 19.35 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir lækningar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

20.15 E.R. (14:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óvirdaðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Monk (11:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

22.35 Lie to Me (13:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun.

23.20 The Tudors (7:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.

00.15 E.R. (14:22)

01.00 The Doctors

01.40 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnumar eru.

02.05 Fréttir Stöðvar 2

02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.05 After You've Gone 12.35 After You've Gone
13.05 The Green, Green Grass 13.35 The Green, Green Grass 14.05 Allo, Allo! 14.35 Fawlty Towers 15.05 Dalziel and Pascoe 15.55 The Weakest Link 16.40 Monarch of the Glen 17.30 My Hero 18.00 QI 18.30 Lead Balloon 19.00 Little Britain 19.30 Judge John Deed 20.20 Little Britain 20.50 QI 21.20 Come Dine With Me 21.45 The Jonathan Ross Show 22.35 EastEnders 23.05 Torchwood 23.55 My Hero

DR 1

12.00 Niklas' mad 12.30 Danmark ser grønt 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Juniper Lee 14.50 Alfred 15.00 Vinden i piletræerne 15.20 Chiro 15.30 Stor & Lille 15.40 Postmand Per 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Jamie Olivers eget køkken 18.00 Leopardens øje 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Miss Marple. Mord er let 21.35 OBS 21.40 Kysset af spritten 22.10 Naruto Uncut 22.35 Boogie Mix 23.25 Godnat

NK1

12.30 Toppform 13.00 NRK nyheter 13.10 Med hjartet på rette staden 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Bondeknoen 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktssnyheter 17.45 Puls 18.15 Takk for sist 18.55 Distriktssnyheter 19.30 Program ikke fastsatt 20.30 Med spriten som følgesvenn 21.00 Kveldsnytt 21.15 Krøniken 22.15 Kalenderpikene - ti år etter 23.10 Pakket og klart 23.40 Sport Jukeboks

SVT 1

12.05 Anslagstavlan 12.25 Havets son 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttfeber 15.25 Där ingen skulle tro att någon kunde bo 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Skolfront partiledardebatt 19.00 Kvalster 20.00 STCC 21.00 Dagbok från en motorcykel 23.00 Här är ditt liv, Cory

Mikið úrval rjómaosta við öll tækifæri



Rjómaostur er einstaklega mjúkur og auðsmyrjanlegur ferskostur. Hann er uppistaðan í ostakökum og krydduðu tegundirnar eru einkar ljúffengar með brauði og kexi. Rjómaostur hentar einnig sérlega vel til að bragðbæta súpur og sósur.



með hvítlauk

með kryddblöndu

hreinn

með svörtum pipar

með appelsínulíkjör

með sölþurrkuðum tómötum





Besti morgunmaturinn er *The French Connection* og *Cappuccino á Prikinu* í góðra vína hópi á sunnudagsmorgnum.

Rúna Sigurðardóttir viðskipta-og list-fræðinemi.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. eyja í Asíu, 6. hljóm, 8. farfa, 9. rúmábreiða, 11. tveir eins, 12. vín-blanda, 14. menntastofnun, 16. átt, 17. gat á steðja, 18. kvenkyns hundur, 20. fyrir hönd, 21. truflun.

LÓÐRÉTT
1. fita, 3. bor, 4. vitsmunamissir, 5. sigað, 7. naggrís, 10. kverk, 13. væl, 15. innýfla, 16. hlóðir, 19. bókstafur.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. tölg, 3. al, 4. vígslip, 5. ött, 7. marsvín, 10. kól, 13. göl, 15. löð, 18. tók, 20. þá, 21. önd. LÁRÉTT: 2. jáva, 6. óm, 8. lít, 9. lak, 11. tt, 12. gog, 14. skól, 16. sv, 17. löð, 18. tók, 20. þá, 21. önd.

2

skemmtilegri

FYRIR

229 KRÓNUR

FÆRÐ ÞÚ:

EINN BARNÁÍS

EDA

11

FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!

Vonast eftir partístemningu

Heimildarmyndin Backyard, í leikstjórn Árna Sveinssonar, verður opunarmynd hins nýja kvikmyndahúss Bíó Paradís, sem opnar í gamla Regnboganum 15. september. Myndin var valin besta mynd Skjaldborgarhátíðarinnar í ár og fjallar hún um ákveðna tónlistarsenu sem ríkir í Reykjavík í dag.

Árni segir það mikinn heiður að myndin hafi verið valin sem opunarmynd bíóhússins og stendur hann nú í ströngu við að undirbúa frumsýninguna. „Við erum bara í góðum fíling að undirbúa okkur. Við erum að vonast til að geta endurtekið leikinn frá því á Skjaldborg. Þá

ríkti svakaleg stemning í salnum því fólk komst í svo mikið stuð við tónlistina sem spiluð er í myndinni. Partíð hélt svo áfram eftir myndina og langt fram á nótt,“ segir Árni.

Inntur eftir því hvort kalla megi Backyard íslensku útgáfuna af söngmyndinni Mamma Mía vegna látanna í salnum segir hann hlæjandi: „Já, það mætti segja að þetta sé hin íslenska Mamma Mía, fólk syngur með og kemst í mikið stuð.“

Upphaflega stóð til að Bíó Paradís mundi opna mun fyrr í mánuðinum, hefði það gengið eftir hefði sú skrítna staða komið upp að enginn

meðlimur hljómsveitanna sem komu fram í Backyard hefði getað verið viðstaddir frumsýninguna. „Fyrst leit út fyrir að engin af hljómsveitunum gætu mætt á sýninguna því þær voru allar einhvers staðar úti í löndum. En þar sem dagsetningin breyttist sýnist mér nú að allir nema tveir geti mætt, sem eru góðar fréttir,“ segir hann.

Myndin hefur verið send á nokkrar kvikmyndahátíðir víða um heim og að sögn Árna hefur hann þegar fengið boð á nokkrar hátíðir. „Við erum bara að velta þessu fyrir okkur og spá í hvað við viljum gera.“

- sm

MIKILL HEIÐUR Heimildarmynd Árna Sveinssonar, Backyard, verður opunarmynd Bíó Paradísar. Myndin sló í gegn á Skjaldborgarhátíðinni í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EKKI TIL FENEYJA Katrín Ólafsdóttir fékk ekki styrk til að fylgja eftir stuttmynd sinni á kvikmyndahátíðina í Feneýjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR: LEIÐINLEGT AÐ KOMAST EKKI ÚT

Fyrsta íslenska stuttmyndin sem keppir í Feneýjum

Stuttmyndin Líf og dauði Henry Darger er fyrsta íslenska stuttmyndin sem hefur verið valin á hina virtu kvikmyndahátíð á Feneýjum. Þar verður hún sýnd dagana 8. og 9. september en Katrín Ólafsdóttir, framleiðandi hennar, verður fjarri góðu gamni því henni tókst ekki fá styrk til að kynna myndina.

„Það er rosalega leiðinlegt að komast ekki út,“ segir Katrín. „Ég er búin að fara á milli stofnana alla vikuna. Ég veit að landið er ekkert sérstaklega vel stætt en það væri gott að geta fylgt menningarverkefnum eftir út fyrir landsteinana,“ segir Katrín, sem kom alls staðar að lokuðum dyrum.

„Við reyndum líka að fá styrk til að gera sýningareintök til að koma myndinni til Feneýja en það var ekki nokkur leið. Það var enginn sem vildi eða gat. Kvikmyndagerðin á Íslandi er svolítið íhaldssöm. Það væri gaman að færa hana út fyrir landamærin þar sem fólk gæti spurt sig: „Hvað er

bíó?“ Sérstaklega í dag þar sem öll kvikmyndahúsin sýna tiltölulega venjulegar amerískar bíómyndir.“ Þess má geta að fólk getur styrkt verkefnið með því að leggja inn frjálst framlag á reikning 11175-05-763142, kennitala 620210-1100, merkt Feneýjar.

Katrín hefur á ferli sínum leikstýrt stuttmyndunum Slurpinn & Co og Opaque. Hún hefur einnig unnið myndbandsverk með listakonunni Steinunni Gunnlaugsdóttur.

Líf og dauði Henry Darger var tekin upp hér á landi fyrir tveimur árum í leikstjórn Frakkans Bertrand Mandico. Hún fjallar um mann sem gengur eftir frostagðri auðn og veltir fyrir sér hversu langt hann eigi eftir ólífað. Hann fer á fund við bláa konu sem segir honum að hann eigi tvo tíma eftir ólífaða.

Katrín kynntist leikstjóranum Mandico á þróunar- og kynningar-ráðstefnunni Torino Film Lab, þar sem spennandi kvikmyndaverkefni eru kynnt. „Við gerðum myndina

fyrir enga peninga. Það gaf okkur frelsi til að gera myndina nákvæmlega eins og við vildum hafa hana,“ segir hún um Líf og Dauða Henry Darger. Harpa Arnardóttir og Karl Guðmundsson leika aðalhlutverkin og Tómas Lemarquis er sögumaður.

„Við höfum sett okkur það verkefni að gera eina stuttmynd á ári á Íslandi næstu tuttugu árin. Við viljum taka upp á Reykjanesi svo framarlega sem álbrjálæðingarnir verða ekki búnir að leggja svæðið undir sig,“ segir Katrín. „Það verður mjög áhugavert að sjá breytingarnar á svæðinu af manna og stóriðjuvöldum.“ Hver mynd mun standa sem sjálfstætt verk en eftir að tókum á þeim öllum verður lokið verða þær klipptar saman og gerð úr þeim ein mynd í fullri lengd.

Líf og dauði Henry Darger verður sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem hefst 23. september, og þar verður leikstjórinn Mandico á meðal gesta.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fatahönnuðirnir **Coco** og Selma Ragnarsdóttir hafa unnið baki brotnu í allt sumar við að hanna búninga sem Páll Óskar ætlar að klæðast á tónleikum sínum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í nóvember. Búningarnir eru fimm talsins og verða allir handsaumaðir og klæðskerasniðnir á söngvarann. Coco, sem er íslenskur ríkisborgari en fæddur í Perú, hefur saumað mikið á Palla í gegnum tíðina, rétt eins og Selma. Þetta er aftur á móti í fyrsta sinn sem Coco hannar búninga á Palla alveg frá grunni.

Stemningin var góð í Listasafni Reykjavíkur á föstudagskvöld þegar haustdagskrá Stöðvar 2 var kynnt. Gulldrengir stöðvarinnar, þeir Auddi og Sveppi, voru að sjálfsögðu staðnum ásamt Agli „Gilzenegger“ Einarssyni en saman hafa þeir fengið góð viðbrögð við þættinum Ameríski draumurinn. Hinir nýju gulldrengir stöðvarinnar stálu þó senunni í partíinu, eða strákarnir í **Spaugstofunni** sem færðu sig á dögnum yfir á Stöð 2 frá Sjónvarpinu. Þeir léku á als oddi í partíinu og virtust una hag sínum vel á nýjum slóðum.

Sindri Már Sigfússon og félagar í Seabear eru þessa dagana í tónleikaferð um Þýskaland til að fylgja eftir plötu sinni We Built a Fire. Um miðjan október ferðast hljómsveitin síðan til Bandaríkjanna. Í tilefni af þeirri tónleikaferð geta aðdáendur Seabear tekið þátt í samkeppni þar sem keppt er um bestu útgáfurnar af lögum sveitarinnar. Keppnin fer fram í gegnum Youtube-síðuna og sigurvegarinn fær frítt inn á Seabear-tónleika og fær einnig að stíga upp á svið og flytja sigurlagið.

- fb

Spilar á heimssýningunni í Kína

„Við förum á þriðjudaginn og svo eru tónleikarnir sjálfir næstkomandi föstudag,“ segir Ólafur Arnalds tónlistarmaður en hann er að fara að spila á World Expo-sýningunni í Sjanghai. Þjóðardagur Íslands á heimssýningunni er einmitt föstudaginn 11. september og mun Ólafur spila meðal annars fyrir forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson.

„Þetta verður voðalega gaman og það er alltaf gaman að koma til Asíu,“ segir Ólafur en hann og hljómsveitin hans hafa ákveðið að framlengja ferðalagið um tvær vikur og fara í tónleikaferðalag um Kína og spila svo á tónlistarhátíð í Hollandi á leiðinni heim.

„Við ákváðum að nýta þetta langa ferðalag til að spila á fleiri stöðum í landinu. Ég hef áður spilað í Kína og það gekk mjög vel,“ segir Ólafur en með honum í för er sex manna hljómsveit og eru þau á fullu við undir-

búning þessa dagana. „Við erum að búa til nýtt „show“ og í dag er ég til dæmis að læra inn á svona tölvustýrða ljósataka. Mjög hressandi,“ segir Ólafur en hann á nokkkrum vinsældum að fagna í Kína og hefur til að mynda selt margar plötur. Spurður hvort hann viti ástæðuna fyrir velgenginni svarar Ólafur hlæjandi: „Ætli það sé bara ekki vegna þess að þeir eru svo fjölmenn þjóð, nei ég veit það ekki en það er gaman.“

Hann segir að það sé frábær upplifun að spila fyrir kínverska áhorfendur og að hann finni strax að það er önnur stemming á tónleikum. „Kínverjar bera mikla virðingu fyrir tónlistinni og eru einbeittir þegar þeir hlusta á tónlistina. Svo einbeittir að þeir þora varla að klappa milli laga en bæta það svo upp með því að klappa þeim mun meira í lokin,“ segir Ólafur en Íslendingar fá næst að berja hann augum á Airwaves-hátíðinni í október.

- áþ

UNDIRBYR ASÍUFÖR Ólafur Arnalds heldur til Kína í vikunni ásamt hljómsveit sinni en þau ætla meðal annars að spila á heimssýningunni í Sjanghai.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Baltasar Kormákur og Sögn ehf kynna

SUMARLANDIÐ

Kvikmynd eftir Grím Hákonarson

KJARTAN GUÐJÓNSSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR



FRUMSÝND 17. SEPTEMBER

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

BLUEEYES PRODUCTIONS / SÖGN ehf kynna kvikmynd eftir GRÍM HÁKONARSON Helstu hlutverk KJARTAN GUÐJÓNSSON ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR SNORRI ENGILBERTSSON HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR ARNBJÖRG HLÍF VALSDÓTTIR

NÖKKVI HELGASON WOLFGANG MÜLLER GUÐMUNDUR ÓLAFSSON ÞÓRSTEINN GUNNARSSON JÓHANN SIGURÐARSON RAGNAR ÍSLEIFUR BRAGASON ESTHER TALIA CASEY Kvikmyndataka ARI KRISTINSSON

Lýsing FINNUR ÞÓR GUÐJÓNSSON Leikmynd LINDA STEFÁNSDÓTTIR Búningar MARGRÉT EINARSDÓTTIR Hár og fördun ÁSTA HAFÞÓRSÓTTIR Aðstoðarleikstjóri GARÚN Framkvæmdastjórn á tökustað MÍREYA SAMPER

Klipping ELÍSBET RONALDSÓTTIR Hljóðhönnun KJARTAN KJARTANSSON og INGVAR LUNDBERG Tónlist SIGURÐUR GUÐMUNDSSON og GUÐMUNDUR KRISTINN JÓNSSON Stafræn eftirvinnsla PEGASUS

Framleiðendur BALTASAR KORMÁKUR og AGNES JOHANSEN Meðhöfundur handrits ÓLAFUR EGILL EGILSSON Handrit og leikstjórn GRÍMUR HÁKONARSON

©2010 Blueeyes Productions / www.blueeyes.is



Myndin er gerð með stuðningi frá:





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

visir.is
"...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

Biðu með sökkvandi bát

Tökur hafa að undanfögnu staðið yfir á kvikmyndinni Djúpinu í Garði og Reykjanesbæ. Höfnin í Garði var notuð til að taka upp sjósundsatríði og atriði í fiskibáti þar sem líkt var eftir því þegar báturinn var að sökkva. Til að binda endahnúttinn á þau atriði var farið með bátinn í Helguvíkurhöfn þar sem honum var endanlega sökk. Síðastnefndu tökurnar áttu reyndar að fara fram viku fyrr en var frestað á síðustu stundu. Djúpið fjallar um harmleikinn við Heimaey árið 1984 þegar skipið Hellikey sökk með þeim afleiðingum að fjórir létust.



Ólafur Darri Ólafsson fer með aðalhlutverkið en Baltasar Kormákur leikstýrir.

Auglýst eftir umsóknum

Úthlutað verður í sjötta sinn úr leikritunarsjóðnum Prologos, sem starfar við þjóðleikhúsið, í október. Verið er að taka við umsóknum en fresturinn rennur út 13. september næstkomandi. Sérstakt fagræð sjóðsins, sem skipað er Melkorku Teklu Ólafsdóttur, Stefáni Jónssyni og Þorvaldi Þorsteinssyni, mun mæla með verkefnum við **Bjarna Ármannsson** og félagi í stjórnsjóðsins, en Bjarni stofnaði sjóðinn í samvinnu við leikhúsið. Fjöldi listamanna hefur hlotið styrk úr sjóðnum, og þar af hafa átta verk verið sýnd eða eru komin á verkefnaskrá.



- þeb, fb

Mest lesið

visir.is

- 1 Morðinginn hugfanginn af kærustu Hannesar
- 2 Morðið á Hannesi Þór Helgasyni var sérstaklega ...
- 3 Gunnar Rúnar játar
- 4 Einbeittur ásetningur eða framið í ákafri geðshræringu?
- 5 Fann pabba sinn fyrir tilviljun

Gæludýradagar
alla vikuna :)



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum ÚTSALA

**25-40%
afsláttur**



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Innbyggður skemill, 2 mótórar

Tilboðsverð
kr. 189.000.-



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Innbyggður skemill.

Tilboðsverð
kr. 139.000.-



Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði

Tilboðsverð
kr. 79.000.-



Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð
kr. 119.000.-



Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð
kr. 99.000.-



Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð
kr. 89.000.-



Vandaður hvíldarstóll með áklæði

Tilboðsverð
kr. 79.000.-



Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði

Tilboðsverð
kr. 79.000.-

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opíð virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

www.valhusgogn.is